

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 50/2006

frá 28. apríl 2006

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2006 frá 10. mars 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun ráðsins 2005/673/EB frá 20. september 2005 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 32e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„– **32005 D 0673**: Ákvörðun ráðsins 2005/673/EB frá 20. september 2005 (Stjtíð. ESB L 254, 30.9.2005, bls. 69).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2005/673/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. apríl 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2006.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 55, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 28, 1.6.2006, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 254, 30.9.2005, bls. 69.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.